

Skýrsla af 105 þingi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar (ILO) Genf 28.5 – 12.6 2016

Sendinefndin

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri, Eva Margrét Kristinsdóttir ráðgjafi, Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf og Finnur Þór Birgisson sendifulltrúi. Fulltrúi atvinnurekenda var Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA) en varamaður hennar var Bergþóra Halldórsdóttir lögfræðingur SA. Skiptu þær þingtímanum á milli sín að venju. Fulltrúi íslensks launafólks var Magnús M. Norðdahl lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) en varamaður hans var Dagný Aradóttir Pind frá Rafiðnaðarsambandi Íslands og sat hún jafnframt Genfarskólann ásamt Jakobínu Rut Daníelsdóttur frá BSRB.

Megin málefni

1. Mat á áhrifum yfirlýsingar ILO frá 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. (Evaluation of the impact of the ILO Declaration on Social Justice for a Fair Globalization, 2008)
2. Mannsæmandi störf í hnattrænum aðfangakeðjum – almenn umræða. (Decent work in global supply chains - general discussion)
3. Mannsæmandi störf til að stuðla að friði, öryggi og viðnámi gegn vá. Breyting á Tilmælum nr. 71 frá 1944 um aðlögun frá stríði til friðar. Fyrri umræða. (Decent work for peace, security and disaster resilience: Revision of the employment (Transition from War to Peace) Recommendation, 1944 (No. 71) (standard setting, double discussion))
4. Framkvæmd alþjóðasamþykkt

1. Mat á áhrifum yfirlýsingar ILO frá 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu.

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd. Að fenginni uppástungu Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga (ITUC) var hann kjörinn varaformaður nefndarinnar og talsmaður launafólks í henni. Óskað var eftir því við ASÍ að hann tæki þetta starf að sér í febrúar s.l. og fór undirbúningur fram fyrir þingið. Í hverri nefnd starfa 2 varaformenn og talsmenn, annars vegar fyrir launafólk og hins vegar fyrir atvinnurekendur og 1 formaður sem kemur úr ranni ríkisstjórnanna. Frá Alþjóðasamtökum atvinnurekenda (IOE) var kjörin Renata Hornung-Draus en nefndinni stýrði af hálfu ríkisstjórnanna sendiherra Paragvæ í Genf, Miguel Candia Ibarra. Íslendingur hefur ekki fyrr í sögu ILO tekið stöðu varaformanns og talsmanns í þríliða nefnd á þingum ILO en 4 norðurlandabúar höfðu áður tekið slíka stöðu frá 1919. Til grundvallar störfum nefndarinnar lá sérstök skýrsla unnin af ILO ([sjá hér](#)) Almennar umræður í nefndinni stóðu í 3 daga. Tilgangur þeirra er sá að allir aðilar komi sjónarmiðum

sínum að og komi þeim í fundargerð ([sjá hér](#)). Næstu þrjú daga er síðan unnið með þessa umræðu í sérstakri þríhliða samninganefnd aðila og hún kjörnuð í niðurstöðu. Sú niðurstaða fer síðan aftur inn í nefndina sem afgreiðir niðurstöður til endanlegrar afgreiðslu á þinginu sjálfu ([sjá hér](#)). Í niðurstöðum er farið yfir áhrif yfirlýsingarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að þau hafi verið talsverð. Á grundvelli hennar hafi m.a. orðið til tilmæli um lágmark félagslegrar verndar (2012), nýr inngangur að samþykkt um nauðungarvinnu (2014) og tilmæli um flutning úr óformlega hagkerfinu til þess formlega (2015). Breytingar hafi verið gerðar á þingi ILO, það stýtt og gert einbeittara auk þess sem innra samstarf deilda innan ILO hafi verið aukið og reynt að straumlínulaga starfsemina. Hins vegar hafi ekki verið nægilega unnið að fullgildingu samþykktu og þær innleiddar í verkefni ILO í einstökum löndum. Atvinnurekendur fóru í upphafi þvert gegn því að minnst yrði á samþykktir ILO og gegn því að þess yrði getið að hugsanlega þyrfti að endurskoða þær og eftir atvikum setja nýjar. Þar höfðum við betur enda grundvallast allt starf ILO á þeim samþykktum og tilmælum sem þar verða til og sem setja öllum aðgerðum stofnunarinnar ramma. Í niðurstöðum eru tilgreind þau forgangsverkefni sem ILO skuli vinna að á næstu árum. Þessar niðurstöður eiga síðan að speglast inn í framkvæmdaáætlun og fjárlög stofnunarinnar og hafa sem slíkar mikil áhrif á starfsemina á næstu árum. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi þess að grundvallarréttindi launafólks séu virt og þeim ýtt fram í verkefnum ILO í einstökum löndum og þess ætíð gætt að samþætta í það starf bæði jafnrétti kynjanna og banni við mismunun. Ákveðið var að leggja til nýjan umræðu hring en að þessu sinni styttri eða 5 ár. Skýrsluskilum aðildarríkjanna yrði breytt og þau samræmd umræðu hvers árs. Sérstök áhersla er síðan lögð á hlutverk ILO og samstarf ILO við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann o.fl. auk þess sem ILO taki að sér að leiða þann hluta 2030 áætlunar Sameinuðu Þjóðanna sem lítur að réttindum launafólks og atvinnu. Sérstakan kafla er síðan að finna þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að samþætta störf innan stjórnsýslunnar hvað varðar málefni atvinnulífsins og til þess að vinna að innleiðingu Samþykktu ILO. Sjá má kynningu á verkefni nefndarinnar stuttu viðtali ([sjá hér](#)) og stutt viðtal við talsmenn nefndarinnar ([sjá hér](#)).

2. Mannsæmandi störf í hnattrænum aðfangakeðjum – almenn umræða

Til grundvallar störfum nefndarinnar lá sérstök skýrsla unnin af ILO ([sjá hér](#)) Hnattrænar aðfangakeðjur (GSC) fela í sér hnattrænt vandamál en ekki „norður suður vandamál“ – „þróð ríki – þróunaríki“ og kallar á hnattrænar lausnir. Mikilvægt er að meta hvort GSC styðji við réttláta þróun efnahagslífs og vinnumarkaðar eða vinni gegn henni. Helstu áskoranir lúta að þeirri staðreynd að þeim fylgja brot á grundvallar réttindum launafólks, hvort heldur litið er til aðbúnaðar og öryggis eða félagafrelsis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að stórir framleiðendur og stór vörumerki í eigu tiltölulega fárra þrýsta verði á aðföngum niður sem endanlega lendir á kjörum þeirra sem eru neðst í keðjunni. Mörg ljón eru í vegi þess að mæta vandamálunum á heimavígstöðvum. Öll keðjan getur verið samsett úr aragrúa smárra framleiðenda og sá sem mestu ræður staddur víðsfjarri og án beins boðvalds yfir restinni af keðjunni. Þróunaríkin eru sólgin í erlenda fjárfestingu og í að keyra upp efnahag sinn með útflutningi. Störf skapast þó þau séu ekki „góð“ störf í skilningi þeirra kjara og réttinda sem í boði eru. Ríkisstjórnir reyna að lokka þetta einnig til sín með því að setja um „útflutnings framleiðslu svæði“ (EPZ _ Export processing zones

) sem eru undanskilin nánast öllum lögum og reglum. Stóru fyrirtækin þvinga einnig þessi ríki til þess að fella niður eða lækka skatta á opinbera þjónustu og opinber aðföng þ.a. að þó vinna skapist fer auðurinn að mestu úr landi. Hann er síðan færður fram og til baka um heiminn og skattast að lokum í einhverjum „paradísu“ eða jafnvel alls ekki. Vandamálið nær yfir framleiðslu á vörum, tækjum, matvælum þ.t. fiski þar sem sjómenn eru neðstir í fæðukeðjunni, þjónustu o.fl. Allt þetta var ávarpað í störfum nefndarinnar en störf hennar einkenndust af miklum átökum, svo miklum að á tímabili leit út fyrir að niðurstaða fengist ekki. Eitt af markmiðum verkalyðshreyfingarinnar var að tryggja að ILO myndi ávarpa þennan vanda sérstaklega og betur m.a. með það fyrir augum að sett yrði ný samþykkt. Í niðurstöðum ([sjá hér](#)) er viðurkennt að núverandi reglur séu ef til vill ekki fullnægjandi og þess vegna ákveðið að kalla til sérstaks fundar sérfræðinga sem muni skilgreina vandann betur, finna hvar þörf sé aðgerða m.a. hvað varðar nýja reglusetningu. Sjá má kynningu á verkefnum nefndarinnar í stuttu viðtali ([sjá hér](#)).

3. Mannsæmandi störf til að stuðla að friði, öryggi og viðnámi gegn vá. Breyting á Tilmælum nr. 71 frá 1944 um aðlögun frá stríði til friðar- fyrri umræða.

Hér eru á ferðinni tilmæli frá árinu 1944 og bera þau þess skýr merki. Heimsmyndin hefur mikið breyst síðan þá og eðli átaka og styrjalda breyst. Talsverð átök voru í nefndinni og mikil tortryggni m.a. frá Rússum, Kínverjum og nokkrum Afríkuríkjum. Til grundvallar störfum nefndarinnar lá sérstök skýrsla ([sjá hér](#)) og sjá má kynningu á verkefnum nefndarinnar í stuttu viðtali ([sjá hér](#)). Þar sem þetta var fyrri umræða liggja nú fyrir drög að breyttri samþykkt sem tekin verða til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 2017 ([sjá hér](#)).

4. Nefnd um framkvæmd Samþykkt

Eins og áður hefur komið fram ríkti upplausn í störfum þessarar nefndar frá 2012 til 2015 þegar tókst að láta nefndina starfa eðlilega. Atvinnurekendur hafa, eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum, haldið því fram að eftirlitskerfi ILO sé komið langt út fyrir umboð sitt og samþykktir ILO með því m.a. að fjalla um mál út frá þeirri forsendu að verkfallsréttur launafólks sé verndaður af reglum ILO. Þau sjónarmið eiga sér enga stoð í áratuga viðurkenndri framkvæmd og túlkun stofnunarinnar. Góð kynning á störfum nefndarinnar má sjá í stuttu viðtali ([sjá hér](#)). Að þessu sinni tókst að ná fram samþykkttri skrá yfir þau 24 mál sem tekin yrðu fyrir og þeim tókst öllum að ljúka, þ.m.t. þeim 10 sem sem lutu að Samþykkt nr. 87 sem m.a. verndar verkfallsréttinn og þeim 5 sem lutu að Samþykkt 98. [Sjá niðurstöður.](#)

Genfarskólinn

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti undir stjórn Mervi Ylitalo frá Finnlandi en auk hennar starfaði Peter Waldorff við skólann sem kennari.

Genfarskólinn, er skóli á vegum norrænu verkalyðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Íslensku þátttakendurnir þær

Dagný og Jakobína tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Jafnframt heimsótti skólann Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB en hún situr í nemendaráði hans. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð. Nánari upplýsingar um Genfarskólann er hægt að finna á meðfylgjandi slóð en unnið er að því að gera skýrslur nemenda aðgengilegar fyrir almenning. [Genfarskólinn](#)

Mat o.fl.

Magnús M. Norðdahl stýrði eins og fyrr segir einni af nefndum þingsins en í því felst veruleg vinna allan þingtímann og raunar talsverður undirbúningur áður en þing hefst. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað þær allar en það gera flest aðildarríkin. Þingið var starfsamt og dagskrá þétt. Í fyrra var gerð tilraun til þess að stytta þingið um nokkra daga og þótti það takast vel. Þessu var framhaldið og mun að líkindum festa sig í sessi til frambúðar. Samtök atvinnulífsins tefldu að þessu sinni fram nýjum fulltrúa fyrir hálfan þingtímann, Bergþóru Halldórsdóttur og velferðarráðuneytið einnig, Evu Margréti Kristinsdóttur. Hvað SA varðar veit það vonandi á meiri og virkari þátttöku þeirra í störfum þingsins. Ráðuneytisstjóri Velferðarráðuneytisins heimsótti þingið sem eflaust um stuðla að meiri skilningi ráðuneytisins á mikilvægi virkrar þátttöku. Kosið verður í stjórn ILO á næsta ári og þá til þriggja ára. Gert er ráð fyrir því að Ísland taki sæti á árinu 2020.

22.6 2016

*Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.*